Kynlíf er stórkostlegt samskiptaform



Eiríkur Örn Norðdahl
rannsakar ást, ástleysi og sjálfseyðingarhvöt í nýrri skáldsögu

Mynd/Frikki

Eitur fyrir byrjendur, skáldsaga eftir ísfirska skáldið Eirík Örn Norðdahl, kemur út í dag hjá Nýhil. Þetta er önnur skáldsaga Eiríks en hann hefur áður sent frá sér skáldsöguna Hugsjónadrusluna og fjölda ljóðabóka og þýðinga. Blaðamaður náði tali af Eiríki sem er kominn suður yfir heiðar til að lyfta glasi og fanga vel unnu verki í góðra vina hópi.

„Ég er afskaplega stoltur af sjálfum mér í dag og held ég megi alveg vera það," segir Eiríkur kátur. „Það er alltaf mikið kikk að klára svona langt ferli og ég er hálf umkomulaus. Þegar maður vinnur að svona stórum verkefnum þá sökkvir maður sér svo djúpt í þau tilfinningalega að þegar maður sleppir hendinni af þeim þá hellist yfir mann sérkennileg hjálparleysistilfinning. Ég hef ekki lengur neitt um það að segja hvaða stefnu bókin tekur og það er ljúft og sárt í senn." Skáldinu vefst tunga um tönn þegar hann er spurður um hvað Eitur fyrir byrjendur fjalli. „Það er eiginlega vita vonlaust fyrir mig að segja nákvæmlega frá því um hvað skáldsagan er," segir hann hugsi. „Það var einfaldara að útskýra umfjöllunarefni Hugsjónadruslunnar á sínum tíma. Ég er búinn að reyna að útskýra það fyrir vinum og fjölskyldu um hvað Eitur fyrir byrjendur fjallar en ég get einhvern veginn aldrei verið sáttur við neina útskýringu og vil þess vegna segja sem minnst. Sagan fjallar um piltinn Halldór sem býr með vinkonu sinni Herdísi en allar frekari útleggingar á söguþræðinum finnst mér vera hálfgert klám."

Mig vöktu pottablóm

Blaðamaður getur upplýst lesendur um það að Eitur fyrir byrjendur fjallar á einlægan hátt um samband eintaklinga, löngunina í ástina sem við öll þráum svo heitt að njóta og sjálfseyðingarhvötina sem vomir yfir á dökkum dögum. Sagan býður einnig upp á sérlega vel heppnað plott sem hulunni er svipt af á síðustu blaðsíðunum og þá sér lesandinn undangengna atburði í allt öðru ljósi. Aðspurður um að hve miklu leyti sagan endurspegli eigið líf segir Eiríkur að sú samsvörun sé takmörkuð. „Rithöfundar taka alltaf eitthvað úr eigin lífi og auðvitað er skáldverkið alltaf hluti af manni sjálfum. Hins vegar endurspeglar sagan ekki að neinu leyti mitt eigið líf og aðeins tvö eða þrjú atriði í sögunni sem beinlínis hafa átt sér stað í mínu lífi. Í Hugsjónadruslunni var að finna mun meira af því taginu." Eiríkur segir að það hafi tekið hann um tvö ár að skrifa Eitur fyrir byrjendur. „Ég var frá upphafi með byrjunina á hreinu og var ákveðinn í að hefja söguna á orðunum „Mig vöktu pottablóm" og sú setning hefur haldið sér. Upphaflega hugmyndin var að bókin kæmi út í fyrra en ég hef bara haft í svo mörgu að snúast að ég sá að ég yrði að fresta útgáfunni til að vera fyllilega ánægður með afraksturinn."

Dónaskapurinn í fegurðinni

Hugsjónadruslan kom út hjá Eddu árið 2004 og segist Eiríkur hafa tilhneigingu til að skoða sína nýju skáldsögu í ljósi hennar. „Um daginn fór ég að hafa miklar áhyggjur af því hvað ég ætti að segja við blaðamenn um bókina og það eina sem mér kom til hugar var að bera hana saman við Hugsjónadrusluna. Þrándur, söguhetja hennar, og Halldór, aðalpersóna Eiturs fyrir byrjendur, eru að mörgu leyti sitthvor hliðin á sama peningnum. Þrándur er æstur, hefur miklar skoðanir og er mikið fyrir það að stofna til óláta á meðan Halldór er mikill rósemdarmaður. Þeir eiga það þó sameiginlegt að hegðun þeirra beggja skýrist af því að báðir eru þeir að reyna að ná tökum á lífi sem þeir skilja ekki."

Eiríki tekst einkar vel að fanga spennuna og togstreituna í samskiptum einstaklinganna í sögunni og ekki síst eru lýsingar hans á kynlífi persónanna vel heppnaðar. Hann verður eilítið hugsi þegar hann er spurður út í þann þátt. „Ég hef aldrei lagt sérstaklega upp með það að skrifa um kynlíf. Þegar ég las opinberlega upp úr Hugsjónadruslunni í fyrsta sinn áttaði ég mig á því að það væri svolítið mikill dónaskapur í henni. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrr en ég horfðist í augu við mömmu mína sem sat í salnum og ég þurfti að lesa öll þessi orð upphátt. Ég lít ekki svo á að ég sé beinlínis að skrifa kynlífslýsingar heldur er ég að skrifa um náin samskipti tveggja einstaklinga. Stundum brjótast þessi samskipti út í kynlífi enda er það stórmagnað samskiptaform." Aðspurður um hvort sagan feli í sér einhvern sérstakan boðskap segir Eiríkur að ákveðin merking liggi að baki textanum. „Skáldskapur er alltaf að stærstum hluta tilraun og rannsókn. Niðurstöðuna er svo að finna í afrakstrinum, sögunni sjálfri og ég get ekki orðað hana öðruvísi en að leggja þessar 140 blaðsíður í hendur þeirra sem við þeim vilja taka."

Stöðuhækkun í ritdeilum

Gangrýnendur kúra nú víða um borgina í híði sínu og lesa sig í gegnum jólabókaflóðið. Eiríkur segist vera við öllu búinn þegar kemur að dómum um verkið. „Það er lygi að mér sé alveg sama um hvað fólk segir um bókina mína því ég get orðið ótrúlega pirraður út af svoleiðis hlutum. Héðan af breytir það þó ekki neinu. Þegar verkinu er lokið þá veit ég hvað bókin er fyrir mér og svo getur fólk sagt það sem það vill um hana án þess að það breyti því hvernig ég horfi á verkið. Ég var spurður að því um daginn við hvernig viðbrögðum ég byggist og ég svaraði því til að ég gerði alltaf ráð fyrir því þegar bók eftir mig kæmi út þá myndu viðbrögðin verða lík því ef Íslendingar yrðu heimsmeistarar í handbolta. Allir myndu flykkjast út á götu og út brytust mikil fagnaðarlæti. Það hefur ekki gerst enn þá en við sjáum til í dag," segir skáldið íbyggið. Eiríkur hefur í mörg horn að líta og nú nýlega mátti sjá á síðum Lesbókar Morgunblaðsins að hann stendur í ritdeilum við eitt af höfuðskáldum þjóðarinnar, Þorstein frá Hamri, en Þorsteinn svaraði ummælum Eiríks um háa verðlagningu á ljóðabókum „Ég var svo lasinn þegar ég sá greinina hans Þorsteins að ég vissi eiginlega ekkert hvaðan á mig stóð veðrið. Það kitlar auðvitað svolítið egóið að þetta mikla þjóðskáld skuli taka eftir því sem ég er að blaðra í menntaskólablað. Þegar Hugsjónadruslan kom út var því slegið upp í DV að ég stæði í ritdeilu við Ágúst Borgþór Sverrisson og það má segja að ég hafi tekið heilmikið stökk upp á við núna. Þegar næsta bók kemur út verð ég líklega farin að deila við Elfriede Jelinek eða einhvern þaðan af stærri," segir Eiríkur og brosir í kampinn.

Ýmsar blikur á lofti

Eiríkur er orðhákur mikill og er þekktur fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum. Hann heldur úti víðlesinni bloggsíðu og hefur verið fenginn til þess að flytja pistla um hin ýmsu mál í útvarpi. Aðspurður um hvort hann hafi aldrei íhugað að fara í pólitík segst hann ekki geta hugsað sér að feta þá refilstigu. „Ég bauð mig einhvern tíma fram fyrir VG en með fullri virðingu fyrir því fólki sem starfar að þessu þá er pólitík mannskemmandi. Besta fólk fer að haga sér eins og verstu fífl um leið og það fer að bera titilinn stjórnmálamaður." Eiríkur er óstöðvandi og er þegar farinn að leggja drög að næstu verkefnum. „Það eru ýmsar hugmyndir farnar að gerjast með mér nú þegar. Ég er að nota nóvember og desember í það að ganga frá ljóðabók sem kemur út hjá Nýhil einhvern tíma eftir áramót. Ég ætla mér engan veginn að yfirgefa ljóðlistina og hef hugsað mér að vinna að henni meðfram öðrum verkefnum," útskýrir skáldið. Eiríkur er einnig potturinn og pannan í alþjóðlegri ljóðahátíð Nýhils sem haldin verður 9. og 10 nóvember næstkomandi. Þetta er önnur alþjóðlega ljóðahátíðin sem við höldum, og má segja að hún sé tvöfalt stærri nú en síðast, þar sem fjöldi erlendra þátttakenda hefur nær tvöfaldast, er ellefu núna en var sex síðast. Þetta eru allt fyrirtaks skáld og flest þekkt innan alþjóðlega framúrstefnuheimsins, þarna á meðal eru til dæmis kanadískt metsöluskáld og finnskur hipphoppari úr sveitinni Ceebrolistics, sem er einhverjum Íslendingum kunn." Að lokum er freistandi að spyrja skáldið með hattinn um ástina í hans eigin lífi og hvort þar leynist mögulega lagleg stúlka og pottablóm. „Ég verð auðvitað skotinn í stelpum líkt og hver annar, og er ekki beinlínis einhleypur. Pottaplöntur deyja hins vegar í mínum höndum, því miður," segir Eiríkur dulur og er greinilega ekki á því að úttala sig um þessi mál. Eitur fyrir byrjendur verður fáánleg í öllum betri bókaverslunum og óhætt er að mæla með henni.

hilma@bladid.net